

Nr. 20/1904:

Snorri Jónsson
 gegn
 Thor E. Tulinius.

D ó m u r:

Það sést af dómsgjörðum aukaréttarmáls þessa, að í héraði hafa 3 dómara farið með það og haft það með höndum, á eigin ábyrgð, nefnil. þáverandi sýslumaður og bæjarfógeti Klemens Jónsson og settir sýslumenn og bæjarfógetar Ingólfur Bjarnason og Páll Vídalín Bjarnason, en hinn síðastnefndi tók við málinu, er það var komið undir dóm, og kvað upp dóm í því. Með yfirréttarstefnunni er nú Páli Vídalín Bjarnasyni einum af dómurunum stefnt fyrir yfirréttinn, til þess að verja meðferð málsins og dóm sinn. Með því að hinir dómaraarnir hafa eigi fallið frá stefnu, verður ex officio að frávísa málinu, sbr. N. L. 1—2—3, og hlýtur áfrýjandi inn eftir þeim úrslitum að greiða stefnda samkvæmt kröfu hans hæfilegar ómaksbætur, sem ákveðast 8 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandi kaupmaður Snorri Jónsson greiði stefnda, stórkaupmanni Thor E. Tulinius, 8 kr. í kost og tæringu, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.